



Kattarauga,

Húnavatnshreppi

Stjórnunar- og verndaráætlun 2018-2027

Drög til kynningar, janúar 2018

Efnisyfirlit

AÐGERÐAÁÆTLUN 2018 – 2023.....	4
1. INNGANGUR.....	5
1.1. Samráð.....	5
1.2. Eignarhald og umsjón	5
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi.....	6
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	6
2. LÝSING Á SVÆÐINU.....	7
2.1. Mörk svæðanna	7
2.1.1. Tengsl við grannsvæði.....	7
2.2. Náttúruminjar	7
2.3. Innviðir og mannvirki	7
2.3.1. Landvarsла	8
2.3.2. Vegir og aðgengi	8
2.3.3. Fræðsla og skilti	8
2.4. Rannsóknir og vöktun	8
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	9
3.1. Stjórnsýsla	9
3.1.1. Friðlýsingarskilmálar	9
3.2. Gróður og dýralíf.....	9
3.3. Innviðir og mannvirki	9
3.3.1. Landvarsла	10
3.3.2. Vegir og bílastæði	10
3.3.3. Stígar og öryggismál.....	10
3.3.4. Fræðsla og skilti	10
3.4. Rannsóknir og vöktun	11
VIÐAUKI I	12
VIÐAUKI II.....	13
VIÐAUKI III	14

Leiðarljós fyrir náttúruvættið Kattarauga er að náttúrufar og ásýnd svæðisins haldist ósnortið. Leggja skal áherslu á fræðslu um náttúruvættið þannig að gestir séu upplýstari um svæðið þegar þeir fara en þegar þeir komu og hvatt verði til ábyrgrar umgengni. Lagt skal upp með að gott samstarf sé ávallt á milli hlutaðeigandi aðila.

Aðgerðaáætlun 2018 – 2023

Aðgerðaráætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum fyrir náttúrvættið Kattarauga. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Sérfræðingur Umhverfisstofnunar skal fara í a.m.k. tvær eftirlitsferðir á ári, að vori og síðumars, til að meta ástand náttúrvættisins og innviði þess.
- ✓ Sérfræðingur Umhverfisstofnunar fylgist með á lagi af völdum ferðamanna á svæðinu og skrái í landvarðaskýrslu.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að girðingu umhverfis Kattarauga sé viðhaldið.
- ✓ Sérfræðingur vakti stíga árlega m.t.t. ástands þeirra og öryggis og skrái landvarðaskýrslu.

2018

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp nýtt upplýsingaskilti við Kattarauga á vormánuðum 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun setji lágar stikur með köðlum meðfram göngustígnum umhverfis tjörnina.
- ✓ Umhverfisstofnun fari þess á leit við Vegagerðina að útskotið við náttúrvættið verði byggt upp svo fyllsta öryggis gesta sé gætt.

2021

- ✓ Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúrvættisins.
- ✓ Leggja skal mat á það hvort þörf sé á að skilgreina jaðarsvæði fyrir náttúrvættið.

2022

- ✓ Endurskoðun aðgerðaáætlunar fyrir Kattarauga.

1. Inngangur

Náttúrvættið Kattarauga er alldjúp tjörn sem í eru tveir fljótandi gróðurhólmar sem reka undan vindi. Mikið og stöðugt vatnsrennslí er í gegnum tjörnina. Í botni hennar er lindarauga sem glittir á þegar logn er og bjartur dagur. Af lindarauganu dregur tjörnin nafn sitt. Var náttúrvættið friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 522/1975. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda tjörnina Kattarauga, hólmana sem í henni eru og tjarnarbakkana. Svæðið var friðlýst á grundvelli 24. gr. áður gildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kattarauga hófst í október 2017. Er áætlunin unnin af samstarfshópi sem var skipaður vegna gerðar hennar skv. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal sem lýsir framtíðarsýn og þeim grundvallarsjónarmiðum sem höfð eru til hliðsjónar um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi svæðisins. Hún er unnin í samstarfi við landeiganda og Húnnavatnshrepp og er hún hugsuð sem stjórntæki til stefnumótunar fyrir náttúrvættið.

Starfshópinn skipuðu.

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
 Kristín Ósk Jónasdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
 Magnús Rúnar Sigurðsson, fulltrúi Húnnavatnshrepps
 Sigurður Ingi Þorbjörnsson, landeigandi

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2027 og er skipt í þrjá kafla. Fyrstu tveir innihalda bakgrunnsupplýsingar um Kattarauga en í þriðja kafla er að finna stefnumótun og markmið fyrir svæðið. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuni hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila (sjá viðauka IV) þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúrvættið væri að hefjast. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvor tillögu að áætluninni væri að finna.

1.2. Eignarhald og umsjón

Kattarauga er í landi jarðarinnar Kornsár II í Vatnsdal og er einn landeigandi að henni. Umhverfisstofnun fer með umsjón og rekstur svæðisins samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2013

um náttúruvernd. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Ísafirði hefur umsjón með náttúrvættinu og mun stýra framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Árið 1975 var Kattarauga friðlýst sem náttúrvætti. Er stærð hins friðlýsta svæðis 0,01 ha og var það friðlýst skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 522/1975.

Í gildi er aðalskipulag Húnnavatnshrepps 2010-2022 og er Kattarauga þar skilgreint sem friðlýst svæði.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Náttúrvættið Kattarauga flokkast í III flokk verndarsvæða skv. skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í flokki III eru verndarsvæði þar sem oftast er stuðlað að verndun jarðfræðilegra fyrirbæra sem vernduð eru vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Sérstaða Kattarauga er fólgin í einstökum gróðurhólmum sem fljóta á tjörninni og bærast um eftir vindi og stöðugu streymi vatns í tjörnina um augað í botni hennar.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðanna

Náttúrvættið Kattarauga er 0,01 ha að stærð og afmarkast það af línu sem dregin er 10 m umhverfis tjörnina frá bökkum hennar.

Kort af svæðinu er í viðauka II.

2.1.1. Tengsl við grannsvæði

Náttúrvættið er staðsett á landbúnaðarsvæði í Vatnsdal í Húnavatnshreppi og liggur Vatnsdalsvegur, þjóðvegur nr. 722, rétt vestan þess. Austan Kattarauga rennur Vatnsdalsá til norðurs.

Mikið fuglalíf er í Vatnsdalnum þar sem Kattarauga er staðsett, sérstaklega á fartíma, en Vatnsdalurinn er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir álfir og helsingja á fartíma og sem fjaðrafellistaður álfta.¹

2.2. Náttúruminjar

Tjörnin Kattarauga er þekktust vegna uppstreymis vatns og gróðurhólma sem fljóta á vatninu og berast um með vindi.

Á svæðinu umhverfis Kattarauga er dæmigerður íslenskur mýrargróður. Árið 1996 skráði Náttúrufræðistofnun Íslands plöntur innan náttúrvættisins. Engin þeirra plantna sem þar var skráð er á válista stofnunarinnar yfir plöntur. Ekki má skerða gróður náttúrvættisins á nokkurn hátt og er umferð og beit búfjár innan þess bönnuð.

Murtuseiði eru í tjörninni en engar veiðar hafa verið stundaðar þar.

2.3. Innviðir og mannvirki

Ekki hafa farið fram talningar á fjölda gesta við Kattarauga og því er ekki vitað hve margir heimsækja svæðið árlega.

Umferð gangandi fólks er leyfð um bakka tjarnarinnar en fólk er hvatt til að ganga aðeins eftir göngustíg. Bannað er að tjalda innan marka náttúrvættisins og öll umferð um hólmana er bönnuð. Innviðir eru almennt í lágmarki og falla að landslagi. Steinhellugögustígur var lagður haustið 2017 til að verja svæðið og liggur hann frá hliðinu sem afmarkar svæðið og meðfram vesturhluta tjarnarinnar. Umhverfis tjörnina er svo stígur sem hefur markast í gróður.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands. (Ekkert ártal). *Hóp-Vatnsdalur*. <http://www.ni.is/node/16151>.

Allt rask á náttúrvættinu er bannað og varast ber allar framkvæmdir í nágrenni þess sem gætu leitt til lækkunar vatnsborðs tjarnarinnar.

2.3.1. Landvarsla

Ekki er um reglulega landvörlu að ræða á svæðinu. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Ísafirði kemur á svæðið a.m.k. tvisvar á ári, að vori og síðumars til að meta ástand svæðisins og innviði.

2.3.2. Vegir og aðgengi

Vegurinn um vesturhluta Vatnsdals, vegur nr. 722, liggur vestan við Kattarauga. Hægt er að leggja bílum í þróngu útskoti sem Vegagerðin útbjó á veginum við Kattarauga og er tjörnin þar rétt við. Ekki er um eiginlegt bílastæði að ræða heldur útskot á veginum þar sem allt að þrír fólksbílar geta lagt hverju sinni. Farið er að hrynda úr veginum austan megin. Aðgengi að tjörninni er gott að því leiti en göngustígurinn við hana er torfær og því ekki auðfarinn fyrir þá sem eiga erfitt um gang eða eiga við hreyfihömlun að stríða. Stígurinn er ekki fær hjólastólum, sérstaklega vegna þess hve svæðið er blautt og erfitt yfirferðar.

2.3.3. Fræðsla og skilti

Við þjóðveg 1 er að finna stórt upplýsingaskilti frá Vegagerðinni um Vatnsdalinn og er náttúrvættið merkt inn á það. Á bílastæðinu við náttúrvættið er skilti sem bendir á að þar sé athyglisverðan stað að finna.

Eftir að komið er inn fyrir girðingu sem umlykur svæðið er gamalt upplýsingaskilti frá Náttúruverndarráði ríkisins. Það er komið verulega til ára sinna og er máð. Á skiltinu er að finna upplýsingar um náttúrvættið og gróður svæðisins, bæði á íslensku og ensku. Nýtt skilti var sett í framleiðslu árið 2017.

2.4. Rannsóknir og vöktun

Sérfræðingur svæðisins annast vöktun á innviðum og ástandi náttúrfars og eru niðurstöður þeirrar vöktunar teknar saman í ársskýrslu Umhverfsstofnunar um svæðið.

Náttúrvættið hefur lítið verið rannsakað og því eru vísindalegar heimildir um það af skornum skammti.

3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Kattarauga og viðhalda verndargildi svæðisins og náttúrufari þess. Einnig er markmiðið að tryggja jákvæða upplifun gesta með því að viðhalda náttúrufarslegum gæðum svæðisins. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, móta framtíðarstefnu fyrir svæðið og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

3.1. Stjórnsýsla

3.1.1. Friðlýsingarskilmálar

Stefnt skal að endurskoðun á auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættisins þar sem gerð er skýrari grein fyrir verndargildi svæðisins heldur en nú er gert og jaðarsvæði skilgreint sbr. 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd í því skyni að koma í veg fyrir breytingar á vatnshæð tjarnarinnar eða breytingar á flæði vatns í hana. Samhliða skal stefnt að því að uppfæra auglýsingu svæðisins til samræmis við nýlegar auglýsingar um friðlýst svæði.

Aðgerðir:

- ✓ Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættisins.
- ✓ Leggja skal mat á það hvort þörf sé á að skilgreina jaðarsvæði fyrir náttúruvættið.
- ✓ Sérfræðingur Umhverfisstofnunar fylgist með álagi af völdum ferðamanna á svæðinu og skrái í landvarðaskýrslu.

3.2. Gróður og dýralíf

Stefnt skal að verndun tjarnarinnar og mýrargróðursins umhverfis hana. Til að koma í veg fyrir að gróður verði traðkaður umfram þann stíg sem fyrir er skal afmarka stíginn frekar með lágum stikum með köðlum til að koma í veg fyrir óþarfa traðk umhverfis tjörnina og til að koma í veg fyrir að fólk fari of nálægt bökkum tjarnarinnar. Umhverfis Kattarauga er girðing til að koma í veg fyrir að búfénaður komist að tjörninni. Umhverfisstofnun skal sjá til þess að girðingunni sé viðhaldið.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun setji lágar stikur með köðlum meðfram göngustígnum umhverfis tjörnina.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að girðingu umhverfis Kattarauga sé viðhaldið.

3.3. Innviðir og mannvirki

Innviðum á svæðinu skal vera vel viðhaldið og skulu þeir hæfa náttúrvættinu. Framtíðaruppbýgging skal vera í þágu verndunar náttúrvættisins. Innviðir skulu ekki spilla ásýnd svæðisins og skulu þeir því ávallt falla vel að landslagi þess.

3.3.1. Landvarsla

Ekki er reglubundin landvarsla á svæðinu en sérfræðingur Umhverfisstofnunar skal fara í eftirlitsferð þangað að minnsta kosti tvisvar sinnum á ár, að vori og síðumars.

Aðgerðir:

- ✓ Sérfræðingur Umhverfisstofnunar skal fara í a.m.k. tvær eftirlitsferðir á ári, að vori og síðumars, til að meta ástand náttúrvættisins og innviði þess.

3.3.2. Vegir og bílastæði

Ekki er um eiginlegt bílastæði að ræða við náttúrvættið heldur er þar útskot sem farið er að hrynda úr austan megin. Lagafæra þarf útskotið svo ekki verði frekara hrún og skemmdir á því. Þar sem aðkoma að náttúrvættinu er utan marka þess er það á höndum Vegagerðarinnar að byggja upp útskotið og vinna að endurbótum á veginum við svæðið.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun fari þess á leit við Vegagerðina að útskotið við náttúrvættið verði byggt upp svo fyllsta öryggis gesta sé gætt.

3.3.3. Stígar og öryggismál

Þar sem stígrinn sem liggur að tjörninni er í góðu ásigkomulagi, enda lagður haustið 2017, er ekki talin þörf á aðgerðum vegna hans næstu fimm árin, að undanskildu reglulegu eftirliti og minniháttar viðhaldi sérfræðings Umhverfisstofnunar á honum. Stígnum, sem liggur umhverfis tjörnina, er ekki viðhaldið enda hefur stígrinn myndast með tímanum vegna umgangs gesta á svæðinu. Til að takmarka umgang gesta við þann stíg, til verndar gróðursins umhverfis tjörnina og einnig til að gestir fari ekki út á bakka hennar, skal Umhverfisstofnun setja lágar stikur með köðlum umhverfis tjörnina eins og fjallað er um í kafla 3.2.

Aðgerðir:

- ✓ Settar verði upp lágar stikur með köðlum umhverfis tjörnina.
- ✓ Sérfræðingur vakti stíga árlega m.t.t. ástands þeirra og öryggismála og skrái í landvarðaskýrslu.

3.3.4. Fræðsla og skilti

Stefnt skal að því að gestir svæðisins eigi þess kost á að fræðast um svæðið og sérstöðu þess. Það skilti sem nú er við Kattarauga er komið til ára sinna. Umhverfisstofnun vinnur að gerð nýs fræðsluskiltis og stefnt er að því að setja það upp á vormánuðum 2018.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp nýtt upplýsingaskilti við Kattarauga á vormánuðum 2018.

3.4. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþáttu íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun Íslands að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun Íslands í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og verður fram haldið árið 2018. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Kattarauga en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Viðauki I

Stj.tíð B, nr. 522/1975.

Auglýsing um friðlýsingu Kattarauga við Kornsá í Vatnsdal, Austur-Húnnavatnssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúrvætti tjörnina Kattarauga við Kornsá í Vatnsdal, ásamt hólmum sem í henni eru og tjarnarbökkunum.

Mörk náttúrvættisins eru þessi:

Lína dregin umhverfis áðurnefnda tjörn í 10 metra fjarlægð frá bökkum hennar.

Um náttúrvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Umferð gangandi fólks er leyfð um bakka tjarnarinnar en fólk er hvatt til að ganga aðeins eftir göngustíg. Bannað er að tjalda á náttúrvættinu og öll umferð um hólmana er bönnuð.
2. Öll umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um svæðið er bönnuð.
3. Ekki má skerða gróður náttúrvættisins á nokkurn hátt og er umferð og beit búfjár innan þess bönnuð.
4. Allt rask á náttúrvættinu er bannað og varast ber allar framkvæmdir í nágrenni þess sem leitt gætu til lækkunar vatnsborðs tjarnarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem ferð með umboð [stofnunarinnar].

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson

Birgir Thorlacius



Viðauki II



Viðauki III

Listi yfir samráðsaðila

- Ferðamálastofa
- Ferðamálaufélag Austur-Húnavatnssýslu
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Norðvesturlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Vegagerðin

DRAFT

F.h. Umhverfisstofnunar Febrúar 2018

Kristín L. Árnadóttir, forstjóri

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, sérfræðingur

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

Guðmundur Ingi Guðbrandsson